

PERSÓNUVERNDARSTEFNA HEILSU EHF.

1 ALMENNT

Heilsu ehf. er umhugað um persónuvernd viðskiptavina og starfsmanna sinna. Stefna þessi tekur til persónuupplýsinga hvort sem þeim er safnað og þær varðveittar með rafrænum hætti, á pappír eða með öðrum sambærilegum hætti. Stefnan tekur til skráningar, vörslu og vinnslu á persónuupplýsingum sem falla undir stefnuna.

2 PERSÓNUVERNDARLÖGGJÖF

Um meðferð persónuupplýsinga gilda lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga eins og þau eru á hverjum tíma. Taka löggin m.a. á vinnslu, vörslu og miðlun persónuupplýsinga.

3 ÁBYRGÐ

Heilsa hf. ber ábyrgð á skráningu persónuupplýsinga og meðferð þeirra upplýsinga í starfsemi sinni í samræmi við gildandi lög á hverjum tíma. Fyrirtækið er löglegur stjórnandi persónuupplýsinga sem veittar eru fyrirtækinu. Tekið er við beiðnum varðandi persónuupplýsingar á skrifstofu Heilsu ehf. að Bæjarflöt 1, 112 Reykjavík eða með því að senda skriflega fyrirspurn á heilsa@heilsa.is

4 SÖFNUN OG NOTKUN

Heilsa hf. safnar persónugreinanlegum upplýsingum í samræmi við 6. gr. laga um persónuvernd:

- Skráður einstaklingur hefur gefið samþykki sitt fyrir vinnslu á persónuupplýsingum sínum í þágu eins eða fleiri tiltekinna markmiða.
- Vinnsla er nauðsynleg vegna framkvæmdar samnings sem skráður einstaklingur á aðild að eða til þess að gera ráðstafanir að beiðni hins skráða áður en samningur er gerður.
- Vinnslan er nauðsynleg til uppfylla lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila.
- Vinnslan er nauðsynleg til að vernda brýna hagsmuni hins skráða eða annars einstaklings.
- Vinnslan er nauðsynleg vegna verkefnis sem unnið er í þágu almannahagsmuna eða við beitingu opinbers valds sem ábyrgðaraðili fer með.
- Vinnsla er nauðsynleg vegna lögmætra hagsmuna sem ábyrgðaraðili eða þriðji aðili gætir nema hagsmunir eða grundvallarréttindi.

Hægt er að skoða og nota vefsvæði í umsjón Heilsu ehf. án þess að gefa upp nokkrar persónulegar upplýsingar. Heilsa ehf. safnar ekki upplýsingum sem vafri sendir þegar einstaklingur nýtir sér þjónustu fyrirtækisins, þ.e. gögn sem geta falið í sér upplýsingar eins og IP-tölu, tegund vafra, útgáfu vafra, síður þjónustunnar sem heimsóttar eru, tíma og dagsetningu heimsóknar, þann tíma sem varið var á þessum síðum og önnur talnagögn.

5 MIÐLUN

Heilsa ehf. selur aldrei persónuupplýsingar. Fyrirtækið miðlar aldrei persónuupplýsingum til þriðja aðila án þess að samþykki fyrir miðluninni liggi fyrir nema þar sem Heilsa ehf. er það skylt samkvæmt lögum eða í þeim tilvikum sem talin eru upp í 4. kafla eða í næstu málsgrein.

Heilsu ehf. er heimilt að miðla persónuupplýsingum til þriðja aðila (vinnsluaðila) sem er þjónustuveitandi, umboðsmaður eða verktaki í þeim tilgangi að ljúka við verkefni eða veita þjónustu eða vöru sem einstaklingur hefur beðið um eða samþykkt. Fyrirtækið afhendir vinnsluaðilunum einungis þær persónuupplýsingar sem eru nauðsynlegar fyrir þá í framangreindum tilgangi. Gerður er við þá samningur þar sem þeir undirgangast skyldu um að halda upplýsingum um einstaklinga öruggum og nota þær einungis í framangreindum tilgangi.

Vakin er athygli á að allt efni sem einstaklingur birtir eða deilir á samfélagsmiðlasíðum Heilsu ehf. eru opinberar upplýsingar. Auk þess er vakin athygli á að með því að tengja saman síðureikning einstaklings og samfélagsmiðlareikning er Heilsu ehf. gefið leyfi til að deila upplýsingum með veitanda samfélagsmiðlaþjónustunnar og notkun þeirra upplýsinga sem við deilum stjórnast af stefnu samfélagsmiðilsins um persónuvernd. Ef einstaklingur óskar þess að persónuupplýsingum hans sé ekki deilt með öðrum notendum eða með veitanda samfélagsmiðlaþjónustunnar, mun fyrirtækið ekki tengja samfélagsmiðlareikning við síðureikning eða deila efni inn á samfélagsmiðla frá síðunni.

6 ÞRIÐJI AÐILI

Persónuverndarstefnan nær ekki til upplýsinga eða vinnslu þriðja aðila sem Heilsa ehf. hefur enga stjórn á né ber ábyrgð á notkun, birtingu eða öðrum aðgerðum þeirra. Heilsa ehf. hvetur því til að einstaklingar kynni sér persónuverndarstefnu annarra, þ. á m. vefhýsingaraðila þeirra síðna sem geta vísað á Heilsu ehf., hugbúnaðarfyrirtækja á borð við Facebook, Apple, Google og Microsoft ásamt mögulegri greiðsluþjónustu sem kann að vera notuð.

7 VERNDUN

Heilsa ehf. leggur mikla áherslu á að vernda vel allar persónuupplýsingar og gerir viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að uppfylla meðferð upplýsinga.

Heilsa ehf. mun tilkynna einstaklingum innan eðlilegs tíma um öryggisbrot er varðar persónuupplýsingar sem hefur í för með sér mikla persónulega áhættu. Með öryggisbroti í framangreindum skilningi er átt við brot á öryggi sem leiðir til óviljandi eða ólögmetrar eyðingar persónuupplýsinga eða að þær glattist, breytist, verði birtar eða aðgangur veittur að þeim í leyfisleysi.

Athygli er þó vakin á því að einstaklingar bera ábyrgð á persónuupplýsingum, t.d. nafni, kennitölu og mynd, sem þeir kjósa að deila eða senda á almennum vettvangi t.d. í gegnum samfélagsmiðla Heilsu ehf.

8 VARÐVEISLA

Heilsa ehf. reynir eftir fremsta megni að halda persónuupplýsingum nákvæmum og áreiðanlegum og uppfærir þær eftir þörfum. Fyrirtækið mun fara yfir alla vinnslu persónuupplýsinga einu sinni á ári og endurskoða hvort heimilt sé að varðveita áfram upplýsingar sem tengjast viðkomandi vinnslu. Ef ljóst er að fyrirtækinu er ekki heimilt að varðveita þær áfram, mun það hætta allri vinnslu með persónuupplýsingarnar frá þeim tíma. Ef möguleiki er á að persónuupplýsinganna kunni að vera þörf síðar til að uppfylla lagaskyldu, t.d. gagnvart skattfyrvöldum, eða til að höfða eða verjast réttarkröfu, mun fyrirtækið taka afrit af hlutaðeigandi persónuupplýsingum og varðveita þær á öruggu formi eins lengi og nauðsyn ber til.

9 RÉTTINDI EINSTAKLINGA

Einstaklingur sem átt hefur í viðskiptasambandi við Heilsu ehf. á rétt á og getur óskað eftir persónuupplýsingum skv. 12. og 13. gr. persónuverndarlaga. Beiðni einstaklings verður tekin til greina og honum afhentar upplýsingarnar (þegar það á við) innan hæfilegs tíma, þó með þeim takmörkunum sem réttindi annarra gera, þ.m.t. vegna viðskiptaleyndarmála og hugverkaréttinda. Athygli er vakin á að innheimt er sérstakt ljósritunargjald ef farið er fram á fleira en eitt afrit. Einstaklingi verður tilkynnt og gefin skýring ef töf verður á afgreiðslu eða ef ekki er unnt að verði við beiðninni að fullu eigi síðar en mánuði frá móttöku hennar.